

Hafnarfirði 13. febrúar 2022

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar
Rósa Guðbjartsdóttir



Skátafélagið Hraunbúar hafa átt og rekið skátaskálann Hverahlíð við Kleifarvatn síðan 1946 og hefur skálinn spilað lykilhlutverk í uppbyggingu skátastarfs í Hafnarfirði síðan. Nokkrum sinnum hefur skálinn undirgengið viðgerðir, viðhald og endurbætur og hafa stjórnir Hraunbúa lagt mikið kapp á að halda skálanum í góðu standi til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu skátastarfs og útilífs í Hafnarfirði. Einnig hafa önnur skátafélög og björgunarsveitir hvaðan af landinu nýtt sér skálann til ferðalaga og námskeiða í náttúrunni umhverfis skálann og Krýsuvík.

Sumarið 2021 fórum við af stað í miklar endurbætur á skálanum. Til stóð að endurnýja rafkerfi skálans, sem er byggt upp á sólarrafhlöðum. Skipta um gólfefni, glugga og gler sem var orðið illa farið og endurnýja innbú eftir þörfum. Þegar framkvæmdir hófust kom snemma í ljós að skálinn var í töluvert verra ástandi en talið var, mikil mygla fannst undir gólfefnum og er suðurhlið skálans ónýt af fúa. Við fengum óháðan smíð á staðin til að meta ástand hússins með tilliti til endurbóta og er niðurstaðan sú að skálinn sé ónýtur, það muni ekki svara kostnaði að lagfæra eingöngu það sem er skemmt og að betra sé að byggja nýjan skála sem uppfyllir nútíma kröfur um aðbúnað fyrir barna og æskulýðsstarf. Það sé beinlínis hættulegt heilsu fólks að vera inni í skálanum í því ástandi sem hann er. Þetta er mikill missir fyrir félagið og þurfum við nú að leita út fyrir bæjarmörk Hafnarfjarðar fyrir helgarferðir og sumarnámskeið skátanna okkar.

Í framhaldi af þessu héldum við félagsfund þar sem stjórn félagsins opnaði umræðuna við alla Hraunbúa og fórum yfir stöðuna, niðurstaða þessarar fundar var að réttast væri að rífa skálann og byggja nýjan sem uppfyllir nútíma kröfur skátastarfs. Þessi ákvörðun er þungbær þeim sem hafa slitið barnsskóm skáta í skálanum og náttúrunni umhverfis skálann. Við erum þó sannfærð að þetta sé það eina rétta í stöðunni. Kröfur sem félagið gerir við nýjan skála eru að skálinn verði staðsettur norðar á lóðinni til að auðvelda aðgengi og að í skálanum verði rafmagn frá rafveitu, rennandi vatn frá vatnsveitu og rotþró fyrir salerni.

Við óskum því eftir aðstoð Hafnarfjarðarbæjar við byggingu nýs skála á lóð félagsins við Kleifarvatn sem uppfyllir ofangreindar kröfur.

Bestu kveðjur fyrir hönd Hraunbúa

Bjarni Freyr Þórðarson
Félagsforingi